

Ráðstafanir Íslyft og Steinbock þjónustunar vegna COVID-19

Kæri viðskiptavinur

Eins og öllum er kunnugt standa nú yfir sérstakir tímar. Okkur hjá Íslyft og Steinbock þjónustunni langar að upplýsa viðskiptavini okkar um hvernig við ætlum að tryggja ykkur áfram eins góða þjónustu og mögulegt er við núverandi aðstæður.

1) Þjónusta við viðskiptavini

- Við munum auka tímabundið við þjónustuframboð fyrirtækisins með því að reyna eftir fremsta megni að lána viðskiptavinum okkar tæki í neyðartilfelli ef koma upp bilanir í mikilvægum tækjum frá okkur. Þetta á við hvort sem tæki er í ábyrgð eða ekki.
- Öll tæki sem við sendum frá okkur úr viðgerð hafa verið sótthreinsuð á helstu snertiflötum s.s. stýrishjól, sæti, stýristangir og handföng.

2) Aðgangur að tækjum og varahlutum:

- Við höfum sett okkur í samband við flesta okkar birgja og gert ráðstafanir til að bregðast við ef aðgangur að tækjum og vörum raskast.
- Við eignum yfir 300 ný og notuð tæki á lager og von er á sendingum með nýjum tækjum reglulega næstu mánuði
- Við eignum stóran lager af varahlutum og höfum aukið við lagerstöðu sérstaklega til þess að geta tekist á við ófyrirséðar seinkanir. Sem stendur er afgreiðslutími með eðlilegum hætti og vonum við að svo verði áfram.
- Við biðjum viðskiptavini að sýna skilning ef við koma upp tafir hjá birgjum vegna óviðráðanlegra ástæðna.

3) Höfuðstöðvar og starfsmenn:

- Fyrirtækinu hefur verið skipt niður í aðskild svæði til að takmarka umgang.
- Við höfum opnað nýtt verkstæði í öðru húsnæði til að geta sinnt þjónustu og viðgerðum óraskað ef upp koma smit.
- Starfsmenn í varahlutadeild starfa á tveimur starfsstöðum svo varahlutabjónusta geti verið óröskað komi upp smit.
- Skrifstofu- og sölumenn skipta niður dögum á skrifstofu og vinna heima þess á milli.
- Allir starfsmenn hafa verið upplýstir um mikilvægi hreinlætis.

Við óskum þér og þínu fyrirtæki velfarnaðar á þessum óvissutínum. Við munum leggja okkur alla fram við að aðstoða viðskiptavini okkar til að komast í gegnum komandi tíma.

Vinnum þetta saman !

